

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.03.2016
Málalykill	02.60
Mál nr.	1507128



Til framkvæmdastjóra vegna þjónustusvæðis um
málefni fatlaðs fólks

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 8. mars 2016
Tilv.: IRR14100248/21.19.1

Endanleg framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015

Framkvæmd útreikninga og greiðslur allra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 hafa farið fram. Hér má finna upplýsingar um útreikninga og endanlegar niðurstöður einstakra framlaga.

Almenn framlög til þjónustusvæða og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk

Endanleg framlög ársins taka mið af ákvæðum reglugerðar nr. 631/2015 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Við útreikning framlaganna skiptust 80% af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaganna hlutfallslega miðað við jöfnun á grunni stuðningsþarfar og 20% hlutfallslega miðað við jöfnun á grunni eignis útsvars.

Frá yfirlýsingu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hafa framlög sjóðsins til reksturs málaflokksins verið gerð upp á greiðslugrunni. Í framhaldi af þeirri vinnu sem fram fór við mat á faglegum og fjárhagslegum áhrifum yfirlýsingu á málefnum fatlaðs fólks var ákveðið að færa uppgjör þeirra framlaga sjóðsins er tengjast yfirlýsingu á málaflokki fatlaðs fólks á rekstrargrunn til samræmis við færslu sveitarfélaganna á tekjum af staðgreiðslu. Breytingin náði fram að ganga hvað árið 2015 varðar. Með tilvísun til þessa var 13. mánuður framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 bókfærður hjá sjóðnum 31. desember sl. sem inneign þjónustusvæða/sveitarfélaga hjá sjóðnum í árslok 2015 þó framlögin vegna 13. mánaðarins hafi ekki komið til greiðslu fyrr en í lok janúar sl. þegar staðgreiðslan fyrir desember lá fyrir.

Endanleg almenn framlög ársins 2015 námu tæpum 12,1 ma.kr. að teknu tilliti til 13. mánaðarins sem kom til greiðslu í lok janúar eins og að framan greinir.

Við mælingu á útgjaldaþörf vegna úthlutunar framlaga ársins 2015 var framkvæmt SIS mat á þeim einstaklingum sem ekki höfðu náð 18 ára aldri árið 2014 en náð höfðu 18 ára aldri á árinu 2015 væri raunkostnaður jafnhár eða hærri en einingarkostnaður 4. flokks.

Sérstök viðbótarframlög

Á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 631/2015 var Jöfnunarsjóði heimilt á árinu 2015 að greiða sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband

Íslenskra sveitarfélaga, þar sem heimilt var að taka tillit til íþyngjandi kostnaðar þjónustuvæða vegna sérstakra aðstæðna, svo sem vegna mikilla fjarlægða.

Til ráðstöfunar vegna sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2015 voru 200 m.kr. og komu framlögin til greiðslu í lok október og uppgjör í lok desember.

Framlög vegna lengdrar viðvera

Fjármagn til ráðstöfunar framlaga vegna lengdrar viðveru nam 89 m.kr. á árinu 2015 komu 70 m.kr. til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 19 m.kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.


Við framkvæmd útreikninga framlaganna vegna grunnskólanna voru lagðar til grundvallar umsóknir vegna 197 grunnskólanemenda á vorönn 2015 og 206 grunnskólanemenda á haustönn 2015. Við framkvæmd útreikninga framlaga vegna framhaldsskóla voru lagðar til grundvallar umsóknir vegna 100 framhaldsskólanemenda á vorönn 2015 og 105 framhaldsskólanemenda á haustönn 2015. Einingarverð vegna lengdrar viðveru grunnskólanemenda á vorönn 2015 nam 188.325 kr. og 159.709 á haustönn 2015. Einingarverð vegna lengdrar viðveru framhaldsskólanemenda á vorönn 2015 nam 100.700 og 85.048 á haustönn 2015.

Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Alls voru greidd framlög vegna 55 NPA samninga á árinu 2015 og nam heildarfjárhæð þeirra 644,7 m.kr. Að teknu tilliti til 20% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs námu framlög vegna NPA samtals 132,9 m.kr. á árinu 2015. Framlögin komu til greiðsu 13. nóvember sl.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Guðni Geir Einarsson